

Nefndasvið Alþingis hefur óskað eftir umsögn minni um ofangreinda tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í umsögn minni er hvorki tekin afstaða til þess hvar sé rétt að hafa Reykjavíkurlflugvöll í framtíðinni né til þess hvort Alþingi sé bært til að taka ákvörðun um legu flugvallarins með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár um sjálfstæði sveitarfélaga (78. gr.) og lögum um skipulagsvald sveitarfélaga.

Ég tel hins vegar rétt að fara nokkrum orðum um þjóðaratkvæðagreiðslur og réttaráhrif þeirra. Ekki er ástæða til að fjalla hér um þjóðaratkvæðagreiðslur sem lögbundnar eru í stjórnarskránni, svo sem skv. 26. gr. hennar. Umfjöllunin er því aðeins um aðrar þjóðaratkvæðagreiðslur, sem Alþingi ákveður án þess að til þeirra sé sérstök fyrirmæli í stjórnarskránni og nefndar hafa verið ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur.

Árið 1905 var á Alþingi samþykkt ályktun um að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna í landinu um hvort lögleiða skyldi bann gegn aðflutningi áfengra drykkja. Var tillagan samþykkt í hlutföllunum 60% með en 40% á móti. 71,5% atkvæðisbærra manna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.

Árið 1915 var samþykkt á Alþingi ályktun um atkvæðagreiðsla um hvort lögbjóða skyldi skylduvinnu allra heilbrigðra karlmannna á aldrinum 17–25 ára. Var tillagan felld með miklum meiri hluta. 80,2% voru andvíg en 7,2% samþykkt. 49% atkvæðisbærra manna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.

Árið 1933 var samþykkt ályktun þar sem ríkisstjórninni var falið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um afnám áfengisbanns. Var afnám áfengisbanns samþykkt með 57,7%, en 42,3% greiddu atkvæði á móti. 45,3% atkvæðisbærra manna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hinn 20. október 2012 fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Uþb. 49% kjósenda greiddu atkvæði og 66.9% þeirra vildu leggja tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá.

Viðbrögð Alþingis við þessum fjórum ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslum eru mismunandi að því leyti að Alþingi fór að niðurstöðum hinna fyrstu þriggja, en hefur enn ekki tekið afstöðu til niðurstöðu hinnar síðustu og því hefur jafnvel verið haldið fram að meiri hlutinn á Alþingi hafi hundsað hana með aðgerðarleysi sínu í átta ár.

Óhjákvæmilega ris sú spurning hver sé tilgangurinn með því að Alþingi efni til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um afstöðu kjósenda til einstakra mála, ef niðurstaðan er merkingarlaus. Með hliðsjón af því að Alþingi fór að niðurstöðum hinna fyrstu þriggja ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslna mætti með rökum álykta að þar með orðið til stjórnskipunarvenja sem bindi Alþingi. Meðferð Alþingis á niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012 bendir hins vegar til þess að Alþingi telji sig geta af geðþótta sínum metið gildi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Geti með öðrum orðum annað hvort farið að niðurstöðunni eða sniðgengið hana með öllu jafnvel án nokkurs rökstuðnings.

Ef Alþingi lítur svo á að það skipti engu máli að hvaða niðurstöðu meiri hluti kosningabærra manna kemst í slíkri atkvæðagreiðslu, þá er atkvæðagreiðslan merkingarlaus að mínu áliti. Það hefur engan tilgang að meiri hluti á Alþingi stofni til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu ef ætlun þess sama meiri hluta er ekki að fara eftir niðurstöðunni. Með því má segja að kjósendur séu hafðir að ginningarfíflum.

Tillaga þessi er vel til þess fallin að þingmenn ræði um merkingu og tilgang ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslna m.a. með hliðsjón af tillögum stjórnlagaráðs um þjóðaratkvæði.

Kær kveðja/Kind regards,  
Ragnar Aðalsteinsson lögmaður